

Lög

um

löggingling verslunarstaðar að Höfn í Sljettuhreppi
í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Nr. 69.

3. nóv.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Að Höfn í Sljettuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verslunar-
staður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar Stjórnarráð Íslands hefir ákveðið takmörk verslun-
arlóðarinnar, sbr. lög nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson

Lög

um

heimild til að veita einkarjett til þess að hagnýta járnsand
(Volcanic sand).

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ráðherra Íslands heimilast að veita Magnúsi yfirdómslögmanni Gíslasyni á
Fáskrúðsfirði og Þórarni Bøðvari Guðmundsson á Seyðisfirði einkarjett um 50 ár til
þess að hagnýta sjer á hvern þann hátt, er þeim sýnist, járnsand (Volcanic sand) fyrir
innan landhelgislinuna á Hjeraðsflóa, þó ekki nær landi en 60 faðma fyrir utan lægsta
fjöruborð.

Sömu mönnum veitist og forgangsriettur til að hagnýta sjer járnsand á öðrum
stöðum í landhelgi Íslands, en sæta verða þeir sömu kostum og aðrir bjóða, er síðar
kynnu að leita slíks leyfis hjá löggjafarvaldinu og það vill veita leyfið.

Nr. 70.

3. nóv.

Nr. 70.

3. nóv.

2. gr.

Heimilt skal einkaleyfishafa, með samþykki Stjórnarráðs, að framselja einkarjett sinn öðrum manni, eða fjelagi, ef maðurinn eða fjelagið er heimilisfast hér á landi, enda sje hinn nýi leyfishafi háður skilyrðum þessara laga.

3. gr.

Verði fyrirtæki þetta eigi komið á fót, þegar fimm ár eru liðin frá dagsetningu einkaleyfisins, getur ráðherra sagt upp einkaleyfinu með árs fyrirvara. Nú er fyrirtækið að vísu sett á fót, en ekki rekið samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefinu, og getur ráðherra þá sagt upp leyfinu með sama fyrirvara.

4. gr.

Í einkaleyfisbrjefinu skal Stjórnarráðinu áskilinn rjettur til þess að hafa nauðsynlegt eftirlit með stjórn og rekstri fyrirtækisins, á þess kostnað.

5. gr.

Sem endurgjald fyrir rjettindi þau, er lög þessi heimila, greiði leigutaki 50 aura í landssjóð af hverri lest, sem framleidd er af hreinsuðum járnsandi en 1 krónu af hverri lest, sem framleidd er af unnu járn (i stöngum, bútum, þynnum eða þráðum). Verði önnur verðmæt efni unnin úr sandinum, skal landsstjórninni heimilt að ákveða gjald af þeim.

Af hreinum ágóða þessa fyrirtækis ber landssjóði þegar í byrjun 4%.

6. gr.

Eigi má leggja útflutningsgjald á vörur þær, sem leyfishafi framleiðir samkvæmt einkaleyfi þessu.

7. gr.

Hafnir þær, sem gerðar verða til að greiða fyrir rekstri fyrirtækisins og arði af því, hvar sem er á landinu, skulu vera opnar til almenningsnota, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bág við atvinnurekstur einkaleyfishafa.

8. gr.

Þegar einkaleyfistíminn er útrunninn, getur landsstjórnin krafist kaups á öllum eignum fyrirtækisins með því verði, er dómkvaddir menn meta.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.